

Upplýsingar úr uppgjöri

Árshlutareikningur F2 2025



Betri tíð í vatnsbúskap og stöðugur rekstur

- **Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á fyrri helmingi árs nam 18,7 milljörðum króna og handbært fé frá rekstri 17,8 milljörðum.**
- **Fjárhagur fyrirtækisins heldur áfram að vera sterkur, eiginfjárlutfall er 62,6% og skuldsetning er 1,5× rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.**
- **Rekstrartekjur hækkuðu á tímabilinu miðað við sama tíma í fyrra.**

Hörður Arnarson
Forstjóri



Eftir mikinn viðsnúning í vatnsbúskap Landsvirkjunar hefur raforkuvinnsla fyrirtækisins náð fyrri stöðugleika, en hlýindi og vætutíð hafa gert að verkum að öll stærstu uppistöðulónin fylltust í sumar.

Rekstrartekjur á fyrri helmingi ársins jukust um 8% og hagnaður af grunnrekstri um tæp 8%, en hann nam tæplega 19 milljörðum króna, eða 154,5 milljónum Bandaríkjadala. Fjárhagsleg staða er sem fyrr sterk, en eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 62,6%. Arðsemi eiginfjár jókst milli ára og var 8%, borið saman við 7,3% á sama tímabili 2024.

Áfram er umframeftirspurn eftir endurnýjanlegri orku frá Landsvirkjun. Eitt mesta framkvæmdatímabil í sögu fyrirtækisins er nú að hefjast, gangi áform þess eftir. Framkvæmdir eru hafnar við vindorkuver við Vaðöldu og hefjast fljótlega við stækkun vatnsaflsstöðvarinnar við Sigöldu, auk undirbúningsframkvæmda við Hvammsvirkjun, en vonir eru bundnar við að virkjunarleyfi fáið enn á ný fyrir Hvammsvirkjun innan skamms. Með þeirri auknu orkuvinnslu sem fylgja mun þessum framkvæmdum verður hægt að styðja við vöxt samfélagsins og bætt lífskjör á næstu árum.

Lykiltölur

Selt magn

3,4 TWst ↓ 0%

Rekstrartekjur

140 m. USD ↑ 3%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

63 m. USD ↓ 4%

Handbært fé frá rekstri


42 m. USD ↓ 32%

Nettó skuldir

648 m. USD ↓ 3%

Eiginfjárlutfall

62,6% ↓ 3,6 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F2 2025	F2 2024	%
Rekstrartekjur	140,0	135,3	3%
EBITDA	91,3	94,0	-3%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	63,4	66,0	-4%
Raforkusala (TWst)	3,4	3,4	-0%

Rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi jukust lítillega á milli ára, eða um 3%, en styrking krónunnar vó á móti og togaði upp kostnað. Gengisáhrif á tekjur og kostnaðarliði jafnast að mestu út, þannig að áhrif á EBITDA eru óveruleg.


Hagnaður af grunnrekstri nam USD 63m og lækkaði um 4% á milli ára. Lónsstaða er þó mjög góð og áfram er umframeftirspurn eftir endurnýjanlegri orku og horfur fyrir Landsvirkjun því bjartar.



Efnahagur

Milljónir USD	30.6. 2025	31.12. 2024	%
Eignir samtals	3.505,6	3.477,9	1%
Skuldir samtals	1.310,5	1.174,1	12%
Nettó skuldir	648,2	666,9	-3%
Eiginfjárlutfall	62,6%	66,2%	-3,6 prst.

Undanfarin ár hefur Landsvirkjun unnið að því að bæta skuldastöðu og lækka fjármagnskostnað. Þetta endurspeglast í sögulega lágum nettó skuldum og háu eiginfjárlutfalli. Landsvirkjun er því vel í stakk búin til að takast á við byggingu Vaðölduvers og Hvammsvirkjunar, auk stækkunar Sigöldustöðvar.



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F2 2025	F2 2024	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	81,4	90,4	-10%
Handbært fé frá rekstri	42,2	62,1	-32%
Fjárfestingar	0,6	13,2	-96%
Fjármögnun	53,0	111,9	-53%

Fjármunamyndun fyrirtækisins, handbært fé frá rekstri, dróst saman á milli ára en var áfram sögulega sterk. Landsvirkjun mun halda áfram að sýna ráðdeild í rekstri og hámarka verðmæti fyrir íslensku þjóðina.

